



Leikskólinn Krílakot



Innra mat 2023-2024

8. skólaár sameinaðs leikskóla

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Nám, kennsla og námsumhverfi	5
Læsi.....	5
Orðaleikur	5
Grænfáni og heilsueflandi leikskóli.....	5
Útikennsla	6
Uppeldi til ábyrgðar	6
Stærðfræði – MIO.....	6
Umbótaáætlun.....	7
Skipulag	9
Áætlanir og skipulag.....	9
Umbótaáætlun.....	9
Mannauður.....	10
Starfsmannasamtöl.....	10
Starfsmannakönnun	10
Sí- og endurmenntun.....	10
Umbótaáætlun.....	13
Nemendur	17
Nemendavernd.....	17
Heimsóknir þroskapijálfa og kennsluráðgjafa	17
Foreldrar	17
Foreldraráð.....	17
Foreldrafélag.....	17

Foreldrafundir	18
Foreldrakönnun.....	18
Umbótaáætlun –	Error! Bookmark not defined.
Sérkennsla skólaárið 2021-2022.....	19
Skimanir og greiningar	19
EFI 2	19
TRAS	Error! Bookmark not defined.
Hljóm 2	20
Stafakönnun	20
Önnur verkefni-Verkefnastjóra sérkennslu.....	20
Samstarf við aðra skóla og stofnanir	21
Dalvíkurskóli	21
Bókasafn	21
Tónlistarskólinn	21
Fræðsluskrifstofa	21
Heilsugæsla.....	21
Félagsþjónusta	22
Öryggismál	23
Lóðarskoðun	23
Eldvarnaráætlun og æfingar.....	23
Vinnuaðstaða kennara og barna.....	23
Umbótaáætlun.....	24
Lokaorð.....	25

Inngangur

Nú er starfsár númer 8 að hefjast á Krílakoti en þann 5. ágúst 2016 fór fram vígsla á nýbyggingu við Krílakot og opnaði hann að loknu sumarleyfi í núverandi húsnæði það haust. Heildarstærð húsnæðis er um 931,6 m². Krílakot rúmar um 100 börn í vistun allan daginn. Stöðugildi eru um 28 en starfsmenn eru 33 í mismunandi stöðuhlutföllum.

Einkunnarorð skólans eru Gleði, Sköpun, Þor. Við viljum leggjum áherslu á vinnugleði og sköpun í allri vinnu sem og að efla þor bæði barna og fullorðinna. Uppeldi til ábyrgðar er okkar leið til að efla hvern og einn einstakling, að allir fái tækifæri til að efla sjálfið og finna hvaða aðferðir eða leiðir henta þeim best til náms.

Mat á skólastarfi er mikilvægur þáttur í framþróun í skólastarfi og tengist markmiðum og áætlunum. Samkvæmt *Lögum um leikskóla 90/2008* er gert ráð fyrir bæði innra og ytra mati og eftirliti á gæðum starfs hvers skóla. Með innra mati er átt við sjálfsmat skólans. Með ytra mati er átt við úttekt á starfsemi skóla sem unnin er af utanaðkomandi aðilum s.s. sveitarfélögum og/eða menntamálaráðuneyti.

Innra mati er ætlað að veita upplýsingar um starfshætti skólans, stuðla að auknum gæðum, umbótum og þróun á starfi hans. Innra mat er samofað daglegu starfi skólans og er m.a. til þess að efla þekkingu, hæfni og ígrundun á starfinu og til að auka vitund starfsfólks um ábyrgð þess í starfi. Lýðræðisleg vinnubrögð við innra mat þar sem tekið er tillit til sjónarmiða þeirra sem koma að skólastarfinu stuðla að auknum gæðum í starfinu. Kennarar, foreldrar og börn eru mikilvægustu þátttakendurnir. Kennarar skipuleggja og framkvæma innra mat en skólastjóri ber ábyrgð á framkvæmd þess og fylgir eftir umbótum (Aðalnámskrá, almennur hluti, 2011).

Hér má sjá mat á skólaárinu 2023-2024, hvað er lagt til grundvallar matinu, niðurstöður og umbótaáætlun.

Nám, kennsla og námsumhverfi

Læsi

Lögð hefur verið aukin áhersla á læsi undanfarin ár og þetta skólaárið fór mikil vinna í að efla læsi með tilliti til tvítyngis. Við styðjumst við *Lubbi finnur málbein* (<https://www.lubbi.is>) til að aðstoða börnin við að læra stafina. Með aukinni færni eru mörg börn farin að læra alla stafina og sum jafnvel farin að lesa áður en þau fara yfir á næsta skólastig.

Haustið 2020 tók einn starfsmaður að sér að fylgja Lubba verkefninu eftir. Hann sér um að setja staf og orð vikunnar upp þannig að allir séu að vinna að því sama.

Orðaleikur

Orðaleikur (<https://sites.google.com/view/ordaleikur/heim>) er námsefni sem leikskólinn nýtir fyrir nemendur af erlendum uppruna sem eru að læra íslensku sem sitt annað mál en námsefnið getur nýst á fjölbreyttan hátt í leikskólastarfi og fyrir alla sem vilja læra einfaldar aðferðir til að efla orðanám barna.

Grænfáni og heilsueflandi leikskóli

Í daglegu starfi er okkur umhugað um umhverfismál. Við flokkum rusl og gefum hænum lífrænan úrgang. Á vorönn unnum við mjög markvisst að Grænfána markmiðum okkar (<https://landvernd.is/grafeninn>). Starfsmenn deilda gerðu starfsáætlun út frá markmiðum okkar tengdum Grænfánanum. Nýjum Grænfána var flaggað í sjötta sinn 23. júní 2023.

Krílakot er heilsueflandi leikskóli. Markmið heilsueflandi leikskóla er að leggja sérstaka áherslu á að vinna með átta lykilþætti sem tengjast skólastarfinu. Þeir eru: hreyfing, mataræði, geðrækt, öryggi, tannheilsa, fjölskylda, nærsamfélagi og starfsfólk.

Klárað var að fylla út gátlista fyrir heilsueflandi leikskóla skólaárið 2023 – 2024 (<https://landvernd.is/grafeninn>). Heilsueflandi leikskóli leggur sérstaka áherslu á að vinna með átta lykilþætti sem tengjast skóla starfinu. Þeir eru: hreyfing, mataræði, geðrækt, öryggi, tannheilsa, fjölskylda, nærsamfélag og starfsfólk. Næsta skólár verðu farið í að vinna með þætti sem komu slakir út eftir yfirferð á gátlistum.

Útikennsla

Vorið 2022 eru allar deildir með markvissa útikennslu sem er miðuð út frá aldri barna á hverri deild fyrir sig með tengingu við Grænfána, Uppbyggingarstefnu og Heilsueflandi leikskóla.

Uppeldi til ábyrgðar

Í vetur hafa starfsmenn verið að þjálfa sig í að vinna samkvæmt hugmyndafræði uppeldisstefnu Dalvíkurbyggðar, Uppeldi til ábyrgðar (<https://uppbygging.is/>) Sú vinna mun halda áfram næsta starfsár. Aðal áherslurnar hafa verið að gera deildarsáttmála, fylgja eftir reglunum okkar, æfa okkur að ganga í röð á göngunum og koma orðum á tilfinningar okkar og hegðun með hjálp litakarlana. Einnig var gerður starfsmannasáttmáli og tæki uppbyggingarstefnunnar nýtt til þess að stuðla að og ýta undir jákvæð og uppbyggjandi samskipti á Krílakoti.

Stjórnendur koma á laggirnar faghópum innan starfsmannahópsins sem heldur utan um hvern þátt fyrir sig. Sömuleiðis verður unnið að hverjum þætti samkvæmt námskrá hverrar deildar. Deildarstjórar gæta þess að hverjum þætti sé sinnt innan daglegs starfs.

Stærðfræði – MIO

Haustið 2020 var tekið í gagnið MIO sem er skimun á stærðfræðipekkingu nemenda á leikskólaaldri. MIO hjálpar til við að átta sig á þeirri stærðfærði færni sem hver nemandi hefur tileinkað sér. MIO hjálpar einnig til við að skipuleggja vinnuna í Krílakoti þannig að nemendur þroski áfram skilning sinn á stærðfæði.

Umbótaáætlun

Matspáttur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat	Viðmið um árangur
Læsi	Lubbi haldi áfram að vera daglegur partur af starfi Krílakots	Lubbi sé sýnilegur í leikskólastarfinu	Allt árið	Allir starfsmenn	Vor 2025	Að allir viti hver Lubbi er Niðurstöður stafakönnunar
Orðaleikur	Sé hluti af daglegur starfi í leikskólanum.	Myndir og orð séu sýnileg inn á öllum deildum. Eins og t.d. dagskipulag, matmálstímar í fataherbergi.	Allt árið	Allir starfsmenn	Vor 2025	Að flest börn náí að tileinka sér algeng orð sem unnið er með hverju sinni.
Grænfáni og heilsueflandi leikskóli	Nýta betur allan efnivið eins vel og hægt er	Passa matarskammta í matmálstímum Kanna þörf áður en nýtt er keypt Athuga hvort hægt sé að gefa hlutum framhaldslíf áður en þeim er fargað	Allt árið	Allir starfsmenn	Vor 2025	Allir bæði börn og fullorðnir séu meðvitaðir um gildi þess að minnka úrgang
Uppeldi til ábyrgðar	Halda betur utan um hegðunarmál Að allir viðhafi vönduð og góð samskipti	Setja reglur í sameiningu Gera deildarsáttmála Gera starfsmanna-sáttmála	Allt árið	Allir starfsmenn Stafsmenn deilda Allir starfsmenn	Vor 2025	Allir þekki reglur, sáttmála og leggi sitt af mörkum til að skapa góðan anda í leikskólanum/-vinnustaðnum

Leikskólinn Krílakot Gleði – Sköpun – Þor

Matspáttur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat	Viðmið um árangur
		Fá fræðslu frá verkefnastjóra Uppbyggingarstefnu		Skólastjórnendur		
MIO	Hluti af daglegu starfi	Tölur og stærðfærði verkefni aðgengileg fyrir börnin	Allt árið	Allir starfsmenn	Vor 2025	Að flest börn nái að tileinka sér stærðfræði hugtök tengt þeirra aldri.

Skipulag

Áætlanir og skipulag

Mánaðarskrá kemur út á hverri deild um hver mánaðamót. Skóladagatal er metið eftir hvert ár og nýtt búið til í samráði við aðra skóla Dalvíkurbyggðar. Foreldraráð hefur umsagnarrétt varðandi skóladagatalið.

Föstudagspóstar fara frá öllum deildum til foreldra til að upplýsa þá um starf deildarinnar og hvað er framundan. Ákveðið hefur verið að halda sama skipulagi og hefur verið næsta skólaár.

Stjórnendur munu fara yfir námsáætlanir og hefja undirbúning komandi skólaárs núna í sumar. Búið er að gera ramma fyrir námskrá hvernar deildar fyrir sig þar sem starf deilda er sett fram á skýrann og skipulagðann hátt þannig að þeir sem taka að sér afleysingar geti gengið inn í hópastarf o.fl.

Byggt verður á fyrri reynslu og byggt ofan á það sem vel gekk og sagt skilið við það sem gekk ekki eins vel

Umbótaáætlun

Matspáttur	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat;	Viðmið um árangur
Áætlanir og skipulag	Að allar áætlanir séu aðgengilegar annað hvort á heimasíðu eða innra neti	Skerpa línur í vinnubrögðum þannig að allir viti til hvers er ætlast	Hautönn 2024	Skólastjórnendur Deildastjórar	Allt árið	Allar deildir séu með sama form á áætlunum sínum og þær birtar með sama hætti

Mannauður

Starfsmannasamtöl

Starfsmannasamtöl voru í febrúar árið 2024, í samtölunum gefst starfsfólki tækifæri til að tala saman um líðan sína og upplifun í starfi. Niðurstaða þeirra var á þá leið að starfsfólki virðist almennt líða vel í vinnunni.

Starfsmenn voru almennt sammála um að góður vinnuandi og jákvæðni sé ríkjandi á vinnustaðnum en hlúa þurfi að honum og styrkja enn frekar. Einnig er mikilvægt að starfsmenn séu meðvitaðir um að andi vinnustaðarins endurspeglast í framkomu þeirra hver við annan. Því þarf að vanda framkomu, hver og einn líti í eigin barm hvað það varðar.

Sí- og endurmenntun

Veturinn 2023 - 2024 1 starfsmaður í B.Ed námi í kennarafræðum og einn í MT í kennslufræðum. 2 stafsmenn fóru á námskeið í Uppeldi til ábyrgðar auk þess sem verkefnastjóri Uppeldi til ábyrgðar hjá Dalvíkurbyggð var með fræðslu fyrir starfsmenn Krílakots.

Auk þessa fóru starfsmenn á námskeið á eigin vegum.

Starfsmannakönnun

Rafræn könnun var lögð fyrir starfsmanna Krílakots í mars 2024. Almennt líður stafsmönnum vel en þó voru 2 starfsmenn sem sögðust hafa upplifað einelti á vinnustaðnum og 3 stafsmenn sem ekki líður vel í vinnunni. Ljóst er að það er eitthvað sem ekki er hægt að una við og verður að leita leiða til að bæta úr því. Einnig þarf að skoða almennan líðan í starfi og finna leiðir til að minnka álag og starfsmenn gefist upp í starfi.

1. Starfið

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Vinnuálag	4,9	27	-	4,6	587	0,3
1.2. Skýrleiki hlutverks	5,5	27	-	5,3	586	0,2
1.3. Ágreiningur um hlutverk	5,2	27	-	4,5	586	0,7*
1.4. Jákvæðar áskoranir í starfi	5,2	27	-	5,0	586	0,2

2. Starfsfólk

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Leikni í starfi	5,2	28	-	5,0	582	0,2
2.2. Skuldbinding til vinnustaðarins	4,7	28	-	5,0	583	-0,3
2.3. Skörun vinnu og einkalífs	4,7	28	-	4,6	582	0,1
2.4. Ræktun mannauðs	4,7	28	-	5,5	564	-0,8*
2.5. Starfsmannaviðtöl undanfarið ár	92,3%	24/26	-	73,5%	397/540	18,8%*
2.6. Gagnsemi starfsmannaviðtals	85,7%	18/21	-	90,4%	340/376	-4,7%

3. Vinnustaðurinn

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Starfsandi	3,6	28	-	5,0	578	-1,4*
3.2. Ánægja með vinnuaðstöðu	5,5	27	-	4,8	563	0,7*
3.3. Styttling vinnuviku	56,5%	13/23	-	95,9%	516/538	-39,4%*
3.4. Ánægja með styttingu vinnuviku	53,8%	7/13	-	71,3%	368/516	-17,5%
3.5. Stuðningur frá samstarfsfólki	4,9	28	-	5,3	572	-0,4
3.6. Stuðningur við nýsköpun	5,1	28	-	5,2	572	-0,1
3.7. Mismunur	4,9	28	-	4,7	572	0,2
3.8. Einelti (þú)	7,1%	2/28	-	4,0%	24/601	3,1%
3.9. Einelti (annar en þú)	10,7%	3/28	-	11,0%	65/593	-0,3%
3.10. Einelti (séð 2 eða fleiri lagða í einelti)	7,1%	2/28	-	4,2%	25/593	2,9%
3.11. Kynferðisleg áreitni	0%	0/28	-	0,8%	5/604	-0,8%

4. Stjórnun

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
4.1. Stuðningur frá næsta yfirmanni	5,3	28	-	5,6	549	-0,3
4.2. Samngjörð forysta næsta yfirmanns	5,3	28	-	5,4	545	-0,1
4.3. Valdeflandi forysta næsta yfirmanns	5,5	26	-	5,9	548	-0,4
4.4. Stuðningur frá öðrum yfirmanni	4,4	7	-	5,2	257	-0,8
4.5. Samngjörð forysta annars yfirmanns	4,0	7	-	5,2	257	-1,2
4.6. Valdeflandi forysta annars yfirmanns	4,5	7	-	4,9	258	-0,4

5. Uppeldi og menntun

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
5.1. Trú á eigin getu við umönnun barna	4,5	24	-	5,1	763	-0,6
5.2. Trú á eigin getu við daglegt skipulag	3,5	24	-	4,8	757	-1,3*
5.3. Samstarf í leikskólanum	5,1	24	-	5,2	754	-0,1
5.4. Virkar samræður um starfið	4,5	21	-	5,0	689	-0,5
5.5. Virkni foreldra í leikskólastarfinu	6,0	21	-	5,7	711	0,3
5.6. Aðgengi að ráðgjöf sérfræðinga utan skólans	75,0%	12/16	-	78,4%	442/564	-3,4%
5.7. Ánægja með stuðning í leikskólanum við börn með sérþarfir	84,2%	16/19	-	85,0%	579/681	-0,8%
5.8. Upplýsingar og stuðningur vegna barna með sérþarfir	78,9%	15/19	-	75,3%	505/671	3,6%

6. Símenntun og undirbúningstími

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
6.1. Hlutfall starfsmanna sem fær undirbúningstíma	100,0%	22	-	89,7%	608/678	10,3%
6.2. Hlutfall starfsmanna sem fær nægan undirbúningstíma	95,2%	20/21	-	75,7%	448/592	19,5%*
6.3. Þátttaka í þróunarstarfi	36,4%	8/22	-	41,1%	308/750	-4,7%
6.4. Símenntunarpörf starfsfólks	3,5	19	-	4,2	680	-0,7
6.5. Símenntunarpörf starfsfólks (annað)	-	6	-	-	-	-
6.6. Hlutfall starfsfólks sem hefði viljað meiri símenntun undanfarið ár	45,5%	10/22	-	53,4%	401/751	-7,9%
6.7. Hindranir í símenntun starfsfólks	37,5%	3/8	-	42,3%	143/338	-4,8%
6.8. Hindranir í símenntun starfsfólks (aðrar)	-	2	-	-	-	-

Umbótaáætlun

Matspáttur	Markmið með umbótum	Aðgeðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/a	Endurmat	Viðmið um árangur
Kynna þær stefnur sem við vinnum eftir	Allt starfsfólk verði meðvitað um þær stefnur sem við vinnum eftir	Lesa stefnur yfir og búa til kynningarefni. Starfsfólk sæki námskeið ef það á við	Haust 2024	Skólastjórnendur	Starfsmanna-könnun 2024	Að 95% starfsmanna þekki stefnurnar
Gera starfsmanna-sáttmála	Að starfsmenn séu meðvitaðir um að andi vinnustaðarins endurspeglast í framkomu þeirra hver við annan	Lesi eldri sáttmála yfir, ræða og kalla eftir umbótum á honum	Haust 2024	Skólastjórnendur	Starfsmanna-könnun 2024	Að allir starfsmenn þekki og séu tilbúnir til að vinna eftir sáttmálanum
Starfsmanna-samtöl	Gæta þess að allir komist í samtál á tímabili sem getið er um í mannauðsstefnu Dalvíkurbyggðar Minnka álag á vinnustaðinn sem samtölin geta valdið ef þau eru tekin á of stuttum tíma	Setja fyrstu samtöl á dagskrá í janúar. Gefa hverri deild eina viku í samtölin Reyna að fá starfsmenn til að tjá sýnar skoðanir	Vorönn 2025	Skólastjórnendur	Starfsmanna-könnun 2026	Allir starfsmenn hafi farið í samtál í lok apríl 2024

Matsþáttur	Markmið með umbótum	Aðgeðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/a r	Endurmat	Viðmið um árangur
Starfsmanna-samtöl	Engin stafismaður upplifi sig lagðan í einelti	Starfsmenn nýti verkfæri Uppeldi til ábyrgðar til sjálfskoðunar Fá fræðslu um hvað hver og einn stafismaður getur lagt af mörkum til að auka starfsánægju og gleði á vinnustöðum	Starfsárið 2024-2025	Skólastjórnendur	Starfsmanna-könnun 2026	Engin stafismaður upplifi sig lagðan í einelti
Verkbeiðnir frá yfirmönnum	Að starfsmenn upplifa að þeir séu ekki að fá misvísandi verkbeiðnir frá sínum yfirmönnum	Yfirmenn séu samstíga um hvaða verkferlar eru hverju sinni og gangi í takt	Starfsárið 2024 - 2025	Skólastjórnendur	Starfsmann-könnun 2026	Að starfsmenn finni að stjórnendur séu að ganga í takt
Ræktun mannauðs	Hlúa betur að starfsfólkinu tengt heilsufari og velferð.	Finna lausnir með þeim. Vera til staða og hlusta á þeirra skoðanir	Starfsárið 2024 - 2025	Skólastjórnendur	Starfsmann-könnun 2026	Starfsmenn finni til traust til stjórnenda
Starfsandi	Hlúa þarf betur að starfsanda í leikskólanum.	Finna leiðir til að minnka álag og finna gleðina aftur	Starfsárið 2024 - 2025	Skólastjórnendur	Starfsmanna-könnun 2026	Starfsmenn finni fyrir breytingum á álagi og minni forföll verði í kjölfarið
Stjórnun	Hlúa að starfsmönnum	Passa upp á að undirmenn upplifi ekki streitu að leita til	Starfsárið 2024 - 2025	Skólastjórnendur	Starfsmanna-könnun 2026	Minnka streitu og mynda traust við starfsmenn

Matspáttur	Markmið með umbótum	Aðgeðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/a r	Endurmat	Viðmið um árangur
		þeirra, séu réttlátir og jafnræði ríki				
Uppeldi og menntun	Styrkja starfsmenn tengt faglegu starfi	Kynna betur fyrir starfsmönnum þau verkefni sem vinna á eftir og námskrána okkar	Starfsárið 2024-2025	Skólastjórnendur	Starfsmanna-könnun 2026	Að starfsmenn finni sig örugga að vinna með þau verkefni sem unnið er að í leikskólanum

Nemendur

Nemendavernd

Haldnir eru 5 fundir á ári hjá nemendaverndarráði. Í því sitja verkefnastjóri sérkennslu, leikskólastjórnendur, starfsmaður heilsugæslu, þroskaþjálfari félagsþjónustu og deildarstjórar þeirra nemenda sem eru til umfjöllunar. Sérkennsluteymi Krílakots tekur ákvörðun um hvaða börn eru til umfjöllunar í nemendavernd í samráði við deildastjóra. Ávallt er fengið samþykki foreldra áður en málefni nemenda eru tekin til umfjöllunar.

Heimsóknir þroskaþjálfara og kennsluráðgjafa

Þroskaþjálfari á vegum félagsþjónustu Dalvíkurbyggðar kemur ef leikskólastjóri óskar eftir stuðningi við ákveðin málefni barna.

Foreldrar

Í skólastarfinu er samvinna við foreldra mikilvægur þáttur. Á haustin þegar skólastarf er að fara af stað eru foreldrar boðaðir á foreldrafundi þar sem skólastarfið er kynnt og einnig er farið yfir áherslur hvernar deildar. Á haustönn eru svo valfrjáls foreldraviðtöl en á vorönn eru allir foreldrar boðaðir í viðtöl þar sem námsframvinda og líðan barnsins er rædd. Aðkoma foreldra að skólasamfélaginu fer fram í gegnum áður nefnda foreldrasamvinnu, foreldrafélagið og foreldraráð.

Foreldraráð

Foreldraráð veitir umsögn um skóladagatal og breytingar á námskrá eða skipulagi skólans. Fundað var tvisvar sinnum skólaárið 2021-2022 í tengslum við skóladagatal næsta skólaárs og vegna fyrirhugaðra framkvæmda við lóð leikskólans.

Foreldrafélag

Fundað er með stjórn foreldrafélagsins að minnsta kosti einu sinni á ári. Á þessum fundum er farið yfir skipulag varðandi varðandi sveitaferð, leiksýningar o.fl..

Foreldrafundir

Alla jafnan eru foreldrafundir tvisvar á ári, með foreldrum nýrra barna og að hausti með öllum foreldrum.

Fundað er að hausti með foreldrafélagi til leggja línur í starfi vetrarins.

Foreldrakönnun

Ekki var lögð fyrir foreldrakönnun skólaárið 2023 – 2024 þar sem ákveðið var að leggja hana fyrir annað hvert ár í gegnum Skólapúlsinn.

Sérkennsla skólaárið 2023-2024

Á Krílakoti hefur verið starfandi verkefnastjóri sérkennslu frá ágúst 2018. Tveir Pólskir kennarar hafa séð um móðurmáls kennslu fyrir pólsk börn 1 sinni í viku í allan vetur. Verkefnastjóri sérkennslu sem er jafnframt þroskaþjálfari sér um alla aðra sérkennslu.

Byrjum á innleiðingarferli farsældarlaganna verðu unnið skólaárið 2024 – 2025.

Skimanir og greiningar

Kennarar og starfsmenn leita til sérkennslustjóra ef grunur um frávík vaknar og þá fer af stað frumgreining sem er síðan send áfram til viðeigandi fagaðila.

Notaðir eru ýmis listar til að frumgreina og sem dæmi má nefna: EFI-2 málþroskaskimun, Íslenski þroskalistinn, TRAS, Orðaskil, ASEBA og ýmsir aðrir greiningarlistar eru lagðir fyrir og niðurstöður þeirra sendir á viðeigandi sérfræðinga sem vinna úr þeim fyrir okkur. Skólaskrifstofa Dalvíkurbyggðar bjó til lista fyrir okkur til þess að fylla inn í áður en við sendum börn til talmeinafræðings og þar getum við séð ef barnið þarf á þeirri þjónustu að halda.

EFI 2

EFI er málþroskapróf ætlað börnum á aldrinum 3,1 – 3,7 ára. Öll börn á aldrinum 3,5 ára fara í EFI próf hjá kennurum skólans. Niðurstöður þessa skólaárs eru að flest börnin komu vel út hvað varðar skilning og tjáningu en það eru þeir þættir sem prófið mælir. Niðurstöður fylgja börnunum milli skólastiga með öðrum gögnum um gengi og þroska.

TRAS (n: Tidlig registrering af språkuudvikling) er skráningarlisti til notkunar fyrir leikskólakennara til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna. Með TRAS skráningunni er hægt að skima eftir frávikum í mál- og félagsþroska barnanna með fyrirbyggjandi íhlutun í huga. TRAS skráningarlistinn er ekki málþroskapróf heldur athugun í skráningarformi á málhegðun og málþróun hjá börnum á ákveðnum aldri. Skráningin hefst þegar barn er rúmlega tveggja ára og lýkur við fimm ára aldur. Tvisvar á ári, með sex mánaða millibili, skráir leikskólakennari á skráningarblöðin svör við ákveðnum spurningum um málþroska barnanna. Hvert barn á sitt skráningarblað sem fylgir því upp í gegnum

leikskólann. Markmið með TRAS er að reyna að fyrirbyggja að önnur vandamál komi upp sem tengjast því að barn hafi ekki fengið aðstoð vegna málþroskafrávika.

Hljóm 2

Hljóm 2 er málþroskapróf sem lagt er fyrir öll börn við aldurinn 4,9 - 6 ára til að kanna hljóðkerfisvitund. Athuginin byggir á hugmyndum um tengsl málþroska við síðari lestrarfærni og þátt þjálfunar hljóðkerfisvitundar í fyrirbyggjandi starfi. Markmið þessarar athugunar er að vera með snemmbærann stuðning hjá þeim börnum sem eru stutt á veg komin hvað þessa þætti varðar. Athuginin er framkvæmd í afmælistánuði barna. Þau börn sem ekki koma vel út í Hljóm 2 eru könnuð aftur í janúar til að athuga með framfarir og hvort grípa þurfi til sérstakra aðgerða.

Stafakönnun

Lögð er fyrir stafakönnun í elsta árgangi Krílakots alls 3x yfir skólaárið. Þar er könnuð þekking á há og lágstöfum og einnig hljóðin sem stafirnir standa fyrir. Könnunin kom afar vel út. Meirihluti barna var komin yfir meðaltal í stafabekkingu í lok haustannar.

Önnur verkefni-Verkefnastjóra sérkennslu

Ráðgjöf til starfsmanna og foreldra.

Leggja HLJÓM 2 fyrir 5 ára börnin

- Stafakanna og talnakanna elsta árganginn.
- Verkefnastjóri sérkennslu situr í öllum teyllum sem búið er að mynda utan um þau börn sem þurfa sérstaka þjálfun eða örvun á leikskólanum. Sér um að gera einstaklingsáætlun fyrir þau börn sem þurfa
- Situr í nemendaverndarráði og stjórnendateymi leikskólans
- Gerir skýrslur og greinargerðir fyrir sérkennsluna
- Hittir aðra fagaðila í sveitarfélaginu
- Situr skilafundi í grunnskólanum vegna þeirra barna sem þurfa sérkennslu

Samstarf við aðra skóla og stofnanir

Dalvíkurskóli

Skipulagt samstarf er á milli Krílakots og Dalvíkurskóla varðandi elstu nemendur Krílakots. Skipulagðar heimsóknir eru á milli skólanna ásamt öðrum upptákum. Aðilar frá hvorum skóla hittast að vori þar sem samstarfsáætlunin er yfirfarin og samstarf næsta vetrar skipulagt.

Bókasafn

Elstu þrír árgangarnir fóru vikulega á safnið og stóð samstarfið yfir allt skólaárið. Samstarfið gekk vel og voru heimsóknir á bókasafn einu sinni í viku þar sem starfsfólk bókasafns eða kennarar lásu fyrir þau og kenndu þeim að umgangast bækur og safnið í heild sinni.

Tónlistarskólinn

Tónlistarkennari kom einu sinni í viku til okkar og var með kennslu fyrir elstu börn Krílakots.

Fræðsluskrifstofa

Gott samstarf var milli stjórnenda skólans og fræðslusviðs s.s. áætlanagerðir, fjárhagsáætlanir, þróunarverkefni, vettvangsathuganir og fleira.

Fræðsluskrifstofa hefur einnig umsjón með skoðanakönnunum til foreldra og starfsmanna í samstarfi við skólann.

Fræðslufulltrúi, leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri funduðu vikulega veturinn 2023-2024. Á fundunum var farið yfir stöðu mála er varðar leikskólastarfið

Heilsugæsla

Starfsmaður heilsugæslu situr nemendaverndarráðsfundi með kennurum og starfsfólki félagsþjónustu og fræðslusviðs um 5 sinnum á ári og oftast eftir þörfum. 2 ½ árs skoðanir og 4 ára skoðanir hjúkrunarfræðings fara ekki lengur fram í leikskólunum þar sem það þykir brjóta gegn nýjum persónuverndarlögum.

Félagspjónusta

Þroskaþjálfari frá félagssviði kemur og fylgist með börnunum eftir þörfum og veitir starfsfólki ráðgjöf. Hann situr í nemendaverndarráði skólans.

Öryggismál

Lóðarskoðun

Árlega skal taka út leikvelli á vegum sveitarfélagsins af BSI á Íslandi. Séu framkvæmdir á leikvöllum eða breytingar skal leita frekari úttektar.

Starfsfólk leikskólans fer yfir lóðina á hverjum morgni áður en börnin fara í útiveru. Skráð er niður hvort eitthvað finnst á lóðinni eða einhverjar skemmdir hafa orðið yfir lokunartímann.

Eldvarnaráætlun og æfingar

Brunaæfingar skulu vera á hverri önn. Yfirfara skal brunakerfið árlega. Allir starfsmenn skulu vera meðvitaðir um rýmingaráætlun og þekkja hlutverk sitt í því ferli. Slökkviliðsstjóri tekur út brunavarnir skólans á hverju starfsári.

Rýmingaráætlun er tilbúin.

Vinnuaðstaða kennara og barna

Meta skal reglulega vinnuaðstöðu kennara og barna og lagfæra og bæta eftir þörfum. Vinnuaðstaða kennara er nokkuð góð en mikilvægt er að endurnýja búnað reglulega.

Skoða þarf möguleika á að útbúa „mjúkt“ horn og bæta aðgengi barnanna að efniviði tengdum náttúru og stærðfræði, endurnýja barnastóla á deildum þar sem farið er að flísast upp úr setum margra þeirra.

Umbótaáætlun

Matspáttur	Markmið með umbótum	Aðgeðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat;	Viðmið um árangur
Ávallt skal gæta þess að allir öryggisþættir séu í lagi	Búa börnum og starfsmönnum öruggt starfsumhverfi	Kynna brunaáætlun Kynna skyndihjálparnámskeið á netinu fyrir nýjum starfsmönnum Gera við eða fjarlægja hluti sem geta valdið skaða	Alltaf	Allir starfsmenn	Mánaðarlega	Að allir upplifi sig örugga

Lokaorð

Það er mat skólastjóra að skólaárið 2023 - 2024 hafi í heildina gengið vel og margt áunnist í að bæta skólastarfið. Áherslur starfsins næsta árið verða að efla þekkingu á stefnum okkar og verkefnum enn betur ásamt að styrkja stjórnendur betur í starfi. Vinna er að hefjast með Ásgarði (Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson) vegna innra mats leikskólans og verða allir þættir starfsins skoðaðir næstu ár. Gæðaráð mun hitta hann einu sinni í mánuði og farið verður yfir skipulag næsta vetur.

Það er gaman að segja frá því að öll börn sem fædd eru árið 2023 hafa fengið boð um leikskólapláss í haustið 2024

Ljóst er að verkefnin fram undan eru fjölbreytt, krefjandi og skemmtileg. Markmið komandi skólaárs verður að byggja ofan á þann grunn að farsælu skólastarfi sem lagður var á líðandi skólaári þar sem allir sem að komu, starfsmenn, foreldrar, börn og fræðsluyfirvöld vinna saman að því að byggja upp metnaðarfullt skólastarf sem einkennist af gleði, sköpun og þori.

Ágústa Kristín Bjarnadóttir

Leikskólastjóri